

Stjórn Gedhjálpar mótmælir „hótunarbréfi“ frá Tryggingastofnun:

Uppnám og óöryggi

Stjórn Gedhjálpar mótmælir starfsaðferðum Tryggingastofnunar ríkisins við endurskoðun á frekari uppbót á lífeyri. Einnig mótmæla samtökin þeirri skerðingu á kjörum sem nýleg reglugerð hefur í för eð sér fyrir ellilífeyrisþega.

„Á síðustu dögum hefur skapast öryggisleysi og uppnám hjá þúsundum lífeyrisþega vegna harkalegra aðgerða Tryggingastofnunar,“ segir Gedhjálp og nefnir hótunarbréf sem borist hafi frá TR sem greini frá sviptingu uppbótar á lífeyri vegna sjúkrakostnaðar ef lífeyrisþegar skiluðu ekki nýju vottorði fyrir

15. ágúst. Þetta hafi verið gert þrátt fyrir að heilsugæslulæknar hefðu verið búnir að segja upp störfum og lífeyrisþegar ættu því mjög erfitt með að nálgast slík vottorð. -BP